

KP-100 SJÓKÆLIR

RÉTT KÆLING FRÁ UPPHAFI TIL ENDA

Sjókælar frá Kælingu Víkurafli ehf. eru í hæsta gæðaflokki og hannaðir sem hagkvæmur valkostur í nútíma kælitækni til að hámarka aflaverðmæti. Sjókæla má nota á mörgum stigum matvælavinnslu, bæði til sjós og lands.

Rétt kæling frá upphafi

Kældur sjór er afar hentugur til að tryggja rétt hitastig afla á öllum stigum allt frá því að hann kemur um borð og þar til geymslukæling hefst. Sjókælar geta boðið upp á úttöku á miskældum sjó fyrir hvert vinnslustig. Þannig er hægt að vera með fullkomna kælingu á öllum stigum og hámarka gæði afla. Rétt kæling hægir á vexti gerla og minnkar virkni ensíma.

Yfirborðshiti sjávar er gjarnan hærri en það hitastig sjávar sem aflinn kemur úr. Því getur sjór sem dælt er beint frá yfirborði hraðað því að aflinn missi ferskleika sinn. Sjóhiti getur verið mjög breytilegur eftir árstíðum sem hefur áhrif á afkastagetu sjókæla. Tölvustýrðir skynjarar og sérhæfður hugbúnaður hámarka sjóflæði í gegnum sjókæli á hverjum tíma þannig að ávallt er hægt að vinna með hárrétt kælistig á öllum vinnslustigum.

KP-100 sjókæli í hnotskurn

KP-100 sjókæli afkastar allt að 8.700 lítrum á klukkustund af sjó sem er kældur niður í allt að 0°C. Saltinnihald þarf að vera 2,6% NaCl að lágmarki. Ef auka þarf saltinnihald er hægt að nýta saltþækilkerfi. Sjónotkun við 15° er allt að 9.000 lítrar á klukkustund og sjósíun 100 míkron.

Tækniupplýsingar

Aflgjafi:	3x230V / 3x400V
Orkunotkun:	35 kW
Kæliafköst:	100 kW
Kæliafköst:	87.000 kcal/klst.
Kæliafköst: 10°C til 0°C:	7.700 l/klst
Lágmarks saltinnihald:	2,6% NaCl
Utanmál (LxBxH):	2200x700x1700 mm
Þyngd:	786 kg
Kælismiðill:	R404A / R449A
Sjósíun:	100 µm
Sjónotkun við 15°:	6.000 l/klst.

Uppbygging sjókæla

Sjókælar frá Kælingu Víkurafli ehf. eru með kælipressu sem drifin er af 3 fasa rafmagni, eimsvala, títanvarmaskipti ásamt tölvustýrðum stýrilokum og stjórnlökum. Stjórnstöflu má staðsetja nánast hvar sem er og mögulegt að hafa fleiri en einn stjórnskjá.

Sjókælar og ískrapavélar

Algengt er að velja saman sjókæli og ískrapavél. Nauðsynlegt er að kæla sjó niður í 0° áður en hann fer inn á ískrapavélar til að viðhalda fullum afköstum hennar.

Ending og áreiðanleiki

Við hönnun og framleiðslu á sjókælum er ávallt valinn besti mögulegi búnaður og bestu fánleg efni á hverjum tíma. Sjókælarnir hafa þá sérstöðu að vera framleiddir með títanplötuvarmaskipti sem eykur bæði afköst og endingu verulega. Með reglulegu viðhaldi uppfærslum á sjókælum má reikna með endingu í allt að 25 ár eða jafnvel lengur.



Kæling Víkurafli ehf. er leiðandi fyrirtæki á sviði kælilausna fyrir sjávarútveg. Við vinnum stöðugt að því markmiði að viðskiptavinir okkar geti hámarkað aflaverðmæti með réttri kælingu á öllum stigum. Kællausnir frá Kælingu Víkurafli hafa náð fótfestu bæði hér á landi og erlendis enda hafa þau staðið fyrir gæði, áreiðanleika, afköst, endingu og góða þjónustu.